

50 a. Úrskurði yðar er því hjermeð breytt á þá leið, að Saurbæjarhreppur greiði Skarðs-
strandarhreppi 36 kr. 50 a., sem endurgjald á framlagi með Helgu Gísladóttur frá 12. nóvbr. 1902, til 21. júní 1903. **145**
2. nóv.

Hver áhrif það geti haft, að Helga Gísladóttir eigi var flutt á sveit sína á sumrinu
1903 samkvæmt vegabréfi yðar, dags. 20. júní 1903, án þess sönnun sje fyrir hendi um það
að hún hafi verið svo ásigkomin, að hún eigi væri flutningsfær, liggur ekki fyrir hjer að
dæma um.

Þetta gefst yður hjermeð þjónustusamlega tii vitundar, yður til leiðbeiningar og
birtingar fyrir hreppsnefndum þeim, sem í hlut eiga, og býst jeg við að þjer sjáið um, að
úrskurði þessum verði fullnægt.

Umburðarbrjef stjórnarráðsins til sýslumanna og bæjarfógeta um **146**
áfengisveitingar. — Eins og kunnugt er, hefir undanfarið einatt verið leyft **19. nóv.**
veitingamönnum að hafa vínveitingar utan veitingahúsa sinna, á fjölmönnum
samkomum svo sem við þjóðhátíðarsamkomur, á sumardaginn fyrsta o. s. frv.,
að fengnu þartil leyfi hlutadeigandi lögreglustjóra. Með því að stjórnarráðið er
þeirrar skodunar, að það geti eigi talizt fyllilega í samræmi við lög 11. nóvbr.
1899 um verzlun og veitingar áfengra drykkja, sjerstaklega 7. gr., að lögreglu-
stjóri veiti slík leyfi, þá er hjermeð lagt fyrir yður, herra sýslumaður, að veita
eigi framvegis veitingamönnum leyfi til að veita áfenga drykki utan veitinga-
húsa sinna.

Staðfestings konungs á skipulagsskrá fyrir Ípróttasjóð Seyðisfjarð- **147**
ar, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af ráðherra Íslands 9. nóvbr. 1904, **9. nóv.**
skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir

Ípróttasjóð Seyðisfjarðarkaupstaðar.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður 15. nóvember 1903, og skal nefnast Ípróttas-
sjóður Seyðisfjarðarkaupstaðar.

2. gr.

Eign sjóðsins, sem er 20 króna gjafir frá stofnendunum, skal ásamt því,
er við hana bætist síðar, leggja í Adaldeild Söfnunarsjóðs Íslands og ávaxtast
þar, þangað til ársvextirnir nema 25 krónum.

3. gr.

Þegar sjóðurinn verður svo stór, að ársvextir hans nema 25 krónum,
skal fyrst leggja eina krónu af þeim við höfuðstólinn, en afganginum skal ann-
adhvort ár verja til verðlauna samkvæmt skipulagsskrá þessari. Hitt árið skal
leggja alla vextina við höfuðstólinn, þar til hann verður 5000 krónur.

4. gr.

Uthlutun verðlaunanna skal falin þriggja manna dómnefnd. Velur bæj-

147 9. nóv. arstjórn kaupstaðarins einn mann í dómnefndina til tveggja ára í senn, en hina tvo skulu bæjarbúar kjósa, þeir er kosningarrjett hafa að lögum. Þó skal íþróttafjelagi því, sem væntanlega verður þá til í bænum, eða þeim í sameiningu, ef fleiri verða, heimilt að áskilja sjer rjett til að velja annan af hinum síðar til nefndu dómendum.

5. gr.

Dómnefndin velur sjer formann og skiptir með sjer störfum eptir því, er henni þykir bezt henta. Hún skal ætíð semja ýtarlegar reglur um fyrirkomulag og tilhögun á íþróttum þeim, er í það skipti verða reyndar og gera þær almenningi kunnar með sem lengstum fyrirvara. Þegar verðlaunum er úthlutað, skal ætíð skýra frá því í opinberu blaði, og jafnframt geta þess, hvenær sjóður þessi var stofnaður.

Gefi engir sig fram til að vinna verðlaunin eitthver ár, eða álití dómnefndin enga verða fyrir þau, skal leggja þau við höfudstólinn.

6. gr.

Verðlaunum skal jafnaðarlega úthluta á almennum gleðisamkomum bæjarbúa. Þau skal jafnt veita konum sem körlum og einkum þeim, sem lögheimili eiga við Seyðisfjörð. Dómnefndin skal vandlega yfirvega og meta íþróttir þeirra, er eptir verðlaunum keppa og ætíð veita þau þeim, sem mestan dug og fræknleik sýna. Verðlaunin má veita hóp manna eða fjelagi, sje íþróttunum þannig háttað, að fleiri eða færri sameina krapta sína til að vinna þau. Venjulega skal veita bæði 1. og 2. verðlaun; 1. verðlaun $\frac{2}{3}$ og 2. verðlaun og $\frac{1}{3}$ af upphæð þeirri, sem fyrir hendi er til verðlauna.

Verðlaunin skal greiða með peningum. Þó getur hver sá, er þau hlýtur, krafizt þess af dómnefndinni, að hún útvegi fyrir peningana einhvern þann hlut, sem orðið getur traustur menjagripur. Skal þá hluturinn bera með sjer, hvaðan hann er, hvenær, og fyrir hvað.

7. gr.

Verðlaunin skal fyrst um sinn einkum veita fyrir íþróttir þær, sem hjer eru nefndar:

1. glímur, 2. sund, 3. kapphlaup, 4. skíðaferðir, 5. kappróður, 6. afraunir, 7. skautuferðir, 8. skotfimi, 9. hjólreiðar, 10. kappsiglingar.

8. gr.

Eptirað sjóður þessi nær 5000 króna upphæð, skal ekki skylt að auka hann nema um 5 krónur ár hvert. En frá þeim tíma skal árlega úthluta vöxtunum til verðlauna og hefir dómnefndin úr því fulla heimild til að skipta verðlaununum í fleiri upphæðir og veita þau fyrir aðrar tegundir íþróttar þeirra, er bezt eru lagaðar til að styrkja heilsu og krapta æskulýðsins.

9. gr.

Bæjarstjórn Seyðisfjardarkaupstaðar er falin öll umsjón og eptirlit með sjóðnum og skal hún geyma skilríki fyrir eign hans. Henni er einnig falið að veita móttöku gjöfum þeim, er sjóðnum hlotnast síðar og koma þeim á vöxtu á þann hátt, er 2. gr. tilnefnir.

10. gr.

147

Eptiráð bæjarstjórn kaupstaðarins hefir tekið að sjer umsjón þá, sem henni er falin með skipulagsskrá þessari, beiðast stofnendur sjóðsins staðfestingar konungs á hana. 9. nóv.

Seyðisfirði 15. nóvember 1903.

Jón Jónsson. Marteinn Bjarnarson. Sigurj. Jóhannsson.